

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Úrskurður 18. október 2023

Mál nr. X-207/2023:

A

(Jónas Þór Jónasson lögmaður)

gegn

B

(Árni Pálsson lögmaður)

Úrskurður

- Með bréfi skiptastjóra til dómsins, dagsettu 28. mars 2023 og móttæknu 31. sama mánaðar, var krafist úrlausnar um ágreining varðandi viðurkenningu á lýstri kröfu í B Málið var þingfest 11. maí 2023 og tekið til úrskurðar 22. september sama ár. Sóknaðili er A, [...] Akureyri. Varnaraðili er B, [...], Akureyri.
- Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru að fjárfrafa hans að fjárhæð 4.544.000 krónur, auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 15. september 2018 til 4. janúar 2019 og málskostnaðar, verði viðurkennd sem launakrafa við skipti á þrotabúi varnaraðila og að krafan, auk vaxta fram að úrskurðardegi njóti þar forgangs samkvæmt 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.
- Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málavextir

- Sóknaraðili var skipverji á [...] skipum um árabíl, og kveðst að mestu hafa verið á skipinu [Skip E] frá árinu 2016. Samkvæmt skrá Samgöngustofu yfir íslensk skip og báta 2018 var [Skip E] í eigu þrotamanns, D. Ekki liggja fyrir aðrir ráðningarsamningar en frá 27. apríl 2016 þar sem sóknaraðili er ráðinn sem 2. vélstjóri á [Skip E], ótímabundið frá 1. júní 2016. Samkvæmt samningnum er útgerð skipsins F í Þórshöfn í Færeyjum. Stéttarfélag sóknaraðila er tilgreint VM og lífeyrissjóður Sameinaði lífeyrissjóðurinn en séreignasjóður Allianz 4%. Dagtaxti er sagður 45,245 og viðbætt orlof 11,59% sem bætist ofan á dagtaxtann. Fram kemur að ráðningarkjör séu samkvæmt gildandi kjarasamningi dags. 1. júní 2011 milli VM, FS og SE annars vegar eftir stöðu viðkomandi skipverja og D hins vegar. Þá segir að með undirritun sinni votti sóknaraðili að hafa kynnt sér tryggingarskilmála fyrir áhafnarmedlimi D
- Fyrir liggur bréf lögmanns sóknaraðila til F og D, dags. 5. september 2018, þar sem laun og orlof vegna júlí og ágúst 2018 eru sögð ógreidd með öllu. Ekki hafi verið gefnir út launaseðlar á árinu og skorað á útgerð að bæta úr því án frekari dráttar. Að sögn

sóknaraðila nemi launaskuld 1.363.200 krónum auk vaxta. Gerð er krafa um að „útgerð bátsins, F og/eða D“ greiði sóknaraðila framangreind vangreidd laun auk áfallinna dráttarvaxta án frekari dráttar. Einnig að vinnuveitandi standi skil á ógreiddum lögbundnum og launatengdum gjöldum til lífeyrisjóðs, skattayfirvalda og stéttarfélags. Loks segir að hafi ekki verið staðið skil á kröfunum 14. september teljist ráðningu sóknaraðila rift frá og með 15. september án frekari tilkynninga þar um.

- 6 Bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta 4. janúar 2019. Þann 16. apríl 2019 lýsti sóknaraðili kröfu að fjárhæð 5.085.247 krónur í búið. Var vísað til þess að samkvæmt 1. tölulið 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985 nyti krafan sjóveðs í [Skip E] og/eða söluverðmæti skipsins og stæði framur öðrum veðkröfum í réttindaröð. Kröfunni væri lýst sem slíkri samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 en til vara sem forgangskröfu samkvæmt 112. gr. sömu laga.
- 7 Skiptastjóri hafnaði kröfu sóknaraðila 15. júlí 2019. Reynt var að jafna ágreininginn á fundi 15. febrúar 2023 án árangurs. Krafðist lögmaður sóknaraðila þess þá að málinu yrði skotið til dómsins, sem skiptastjóri gerði með bréfi dags. 28. mars 2023.
- 8 Ágreiningur aðila lýtur einkum að því hvort varnaraðili beri ábyrgð á greiðslu vangoldinna launa og launa á uppsagnarfresti til sóknaraðila þrátt fyrir að hann hafi gert ráðningarsamning um starfið við F í Færeyjum.

Málatilbúnaður sóknaraðila

- 9 Sóknaraðili kveðst hafa starfað um langt árabil sem vélstjóri á [...]skipum varnaraðila, síðast [Skip E], en varnaraðili hafi einnig gert út önnur skip. Sóknaraðili hafi upphaflega ráðið sig til starfa hjá varnaraðila en að beiðni fyrirsvarsmanna hafi verið gerður nýr ráðningarsamningur við hann og aðra íslenska skipverja á árinu 2014, við F í Færeyjum. Sóknaraðila hafi verið tjáð að breytingin hefði engin áhrif á réttindi hans og ráðningarkjör. Skipið yrði áfram gert út frá Akureyri, varnaraðili yrði eftir sem áður útgerðaraðili, stýrði útgerðinni og nyti hagnaðar af rekstri hennar. Eftir það hafi hann fengið laun frá F, kt. [...], á sömu kjörum og í íslenskum krónum.
- 10 Nýjasti ráðningarsamningur hans sé frá 27. apríl 2016, undirritaður á Akureyri, af sóknaraðila og G þáverandi framkvæmdastjóra varnaraðila, sem hafi sett stimpil varnaraðila við undirskrift sína. Öll samskipti við skipverja vegna útgerðar skipanna hafi verið í gegnum starfsmenn varnaraðila og boð- og stjórnunarvald verið í þeirra höndum. Sóknaraðili hafi aldrei hitt starfsmenn F og viti ekki hverjir þeir séu.
- 11 Um launakjör hafi farið að íslenskum kjarasamningum, í tilviki sóknaraðila samningi varnaraðila við VM Félag vélstjóra og málmteknimanna, Félag skipstjórnamanna og Sjómannafélag Eyjafjarðar. Lífeyrissjóðsiðgjöld hafi verið greidd í íslenska lífeyrissjóði og félagsgjöld til íslenskra sjómannafélaga. Þá hafi skipverjar fengið greidd laun í íslenskum krónum. Launaseðla hafi þeir fengið í tölvupósti frá starfsmönnum varnaraðila úr tölvupóstfangi varnaraðila. Engin samskipti hafi verið milli áhafnar skipsins og hins færeyska félags varðandi daglegan rekstur eða tilfallandi mál. Framangreindur kjarasamningur frá 1. nóvember 2017 hafi verið um kaup og kjör á skipum varnaraðila.

Þannig sé bersýnilegt að varnaraðili hafi litið á sig sem útgerðaraðila [Skip H] og [Skip E], ella hefði hann ekki gert samning um kaup og kjör skipverja á skipum sínum.

- 12 Sóknaraðili vísar til þess að í ráðningarsamningi aðila hafi verið vísað til framangreinds kjarasamnings og ákvæða sjómannalaga nr. 35/1985. Samkvæmt 6. gr. laganna séu skipverjar ráðnir til starfa af útgerðarmanni. Sóknaraðili og aðrir skipverjar [Skip E] hafi verið ráðnir til starfa af starfsmönnum varnaraðila. Endanlegt ákvörðunarvald um ráðning og starfslok sóknaraðila hafi verið í höndum útgerðaraðila skipsins, sem hafi verið varnaraðili.
- 13 Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa ráðið útgerð og sjóferðum skipa sinna, þar á meðal [Skip E]. Hið færeyska félag hafi aðeins verið leppur til að unnt væri að skrá og gera skipið út frá Færeyjum en ákvarðanir ekki teknar þar. Ekkert liggi fyrir um meintan þátt félagsins í útgerðinni með varnaraðila og ósannað að það hafi verið útgerðaraðili skipsins. [Skip E] hafi allan útgerðartíma þess verið í eigu varnaraðila og hann greitt allan rekstrarkostnað skipsins og annarra skipa útgerðarinnar. Ársreikningur ársins 2016 beri með sér svo ekki verði um villst að varnaraðili hafi verið útgerðaraðili skipa sinna. Ekkert liggi hins vegar fyrir um það að færeyska félagið hafi staðið nokkurn straum af rekstrarkostnaði við útgerð skipa varnaraðila.
- 14 Sóknaraðili kveðst í fjórgang, árið 2018, hafa lagt út fyrir varahlutum og fleiru vegna vinnu sinnar í skipinu og varnaraðili endurgreitt honum þann kostnað af eigin reikningi. Það hefði hann augljóslega ekki gert ef útgerð skipsins væri honum óviðkomandi.
- 15 Þá vísar sóknaraðili til þess að í íslenskri skipaskrá 2018 sé varnaraðili skráður eigandi [Skip E]. Er einnig vísað til viðtals við I framkvæmdastjóra varnaraðila 24. febrúar 2018, vegna rekstrarvanda varnaraðila, þar sem tekið sé fram að útgerðin geri út tvö [...]skip, [Skip H] og [Skip E].
- 16 Þá kveður sóknaraðili [Skip E] hafa verið gerðan út af varnaraðila um langt árabil og skipverjar verið með ráðningarsamning við varnaraðila, allt þar til hið færeyska félag hafi komið til skjalanna. Eftir það hafi íslenskum skipverjum verið gert að skrifa undir ráðningarsamning við F en erlendir skipverjar verið í ráðningarsambandi við varnaraðila. Þetta fái ekki staðist enda liggi ekkert fyrir um tvo útgerðaraðila skipsins á sama tíma. Þetta sýni að ráðningarsamningar við íslenska skipverja hafi ekki verið annað en málamyndagjörningar.
- 17 Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi verið raunverulegur útgerðaraðili skipanna [Skip E] og [Skip H] og beri því ábyrgð á ógreiddum launum sóknaraðila, enda hafi enginn leigusamningur verið gerður milli varnaraðila og F. Sóknaraðili hafi verið vanhaldinn í launum og verið í samskiptum við starfsmenn varnaraðila þar um. Þann 5. september 2018 hafi sóknaraðili skorað á varnaraðila að greiða ógreidd laun, ella teldist ráðningu hans rift frá og með 15. september án frekari tilkynninga. Engar athugasemdir hafi verið við að kröfunni hafi verið beint að varnaraðila. Laun hafi ekki fengist greidd og samningnum verið rift. Samkvæmt 25. gr. sjómannalaga beri sóknaraðila laun í kjarasamningsbundnum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Föst mánaðarlaun hans hafi

numið 908.800 krónum. Bú varnaraðila hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 4. janúar 2019 og sóknaraðili lýst kröfu sinni 16. apríl 2019.

18 Krafa sóknaraðila nemur 4.544.000 krónum og er sundurliðuð þannig:

Vangreidd laun með orlofi	kr.	1.817.600
Laun í uppsagnarfresti með orlofi	kr.	2.276.400
Dráttarvextir til úrskurðardags	kr.	172.116
Innheimtuþóknun	kr.	297.646
Virðisaukaskattur	kr.	71.435

19 Sóknaraðili byggir á því að krafan njóti forgangs samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotskipti o.fl. Það eigi einnig við um kröfu um málskostnað og dráttarvexti fram að úrskurðardegi en kröfu um dráttarvexti eftir útskurðardag til greiðsludags sé lýst sem eftirstæðri, sbr. 114. gr. sömu laga.

Málatilbúnaður varnaraðila

20 Varnaraðili vísar til þess að nokkru eftir að búið var tekið til skipta, 4. janúar 2019, hafi skiptastjóri verið upplýstur um að í Færeyjum hefði starfað félag tengt varnaraðila, F. Í kjölfarið hafi hann komist að því að það félag hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 18. desember 2018. Félagið hafi fyrst verið skráð í Færeyjum 20. ágúst 2014 undir nafninu J en nafninu síðar verið breytt í F. Skiptastjóri búsins hafi ekki svarað fyrirspurnum skiptastjóra varnaraðila en samkvæmt gögnum hafi búið reynst eignalaust. Þau gögn sem þó fengust bendi til að færeyska félagið hafi verið með einhvern rekstur í um fjögur ár en ekki hafi fengist upplýsingar um hver sá rekstur var, helst verði ráðið að það hafi verið rekstur á [...]skipinu [Skip E].

21 Varnaraðili kveður kröfu sóknaraðila vanreifaða. Samkvæmt samningi hafi laun sóknaraðila verið miðuð við ákveðinn dagtaxta auk orlofs. Ekki verði ráðið hvernig krafa sóknaraðila sé saman sett að öðru leyti en tilgreint sé það tímabil sem hún taki til. Ekki komi fram upplýsingar um laun frá öðrum á uppsagnarfrestinum en þau ættu að koma til frádráttar kröfu hans samkvæmt almennum reglum.

22 Þá byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki verið starfsmaður varnaraðila og geti því ekki átt launakröfu á hendur honum. Fyrir liggi að F var skráð félag í Færeyjum frá því í ágúst 2014. Þá liggi fyrir ráðningarsamningur sóknaraðila við það félag frá 27. apríl 2016. Þaðan hafi hann fengið greidd laun frá gerð samningsins þar til í júlí 2018. Hann geti því ekki átt launakröfu á hendur varnaraðila.

23 Varnaraðili byggir á að engu breyti í þessu sambengi að samstarf hafi verið á milli hins færeyska félags og varnaraðila eða að færeyska félagið hafi verið skálaskjól fyrir varnaraðila skattalega. Samkvæmt ársreikningi varnaraðila hafi hann verið minnihlutaeigandi í F. Samstarfið geti ekki orðið til þess að varnaraðila beri, sem vinnuveitanda, að greiða kröfu sóknaraðila eða beri ábyrgð á henni á öðrum grundvelli. Ekki verði litið fram hjá skriflegum ráðningarsamningi og framkvæmd hans með greiðslu launa frá færeyska félaginu í rúm tvö ár. Ekkert samningssamband hafi verið milli aðila

málsins og því beri að hafna kröfu sóknaraðila, sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 24 Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili virðist byggja á að stofnun færeyska félagsins hafi verið málamyndagerningur. Gögn málsins styðji það ekki því sóknaraðili hafi fengið greidd laun allt þar til útgerð [Skip E] stöðvaðist. Þá hafi F haft verulegar tekjur á árinu 2016 en ekki hafi tekist að afla frekari upplýsinga um rekstur félagsins.
- 25 Loks vísar varnaraðili til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum hafi sóknaraðili ekki lýst kröfu sinni við skipti á þrotabúi F. Vanlýsingin hafi leitt til þess að krafa sóknaraðila hafi fallið niður og henni verði því ekki haldið uppi gagnvart varnaraðila, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Niðurstaða

- 26 Málið lýtur að kröfu sóknaraðila um greiðslu á vangreiddum launum og orlofi í tvo mánuði og launum og orlofi á þriggja mánaða uppsagnarfresti úr hendi varnaraðila.
- 27 Í greinargerð varnaraðila var ekki krafist frávísunar en tekið fram að hann teldi kröfu sóknaraðila vanreifada, m.a. vegna skorts á upplýsingum um tekjur hans annars staðar frá. Sóknaraðili lagði fram gögn þar að lútandi eftir að varnaraðili skilaði greinargerð sinni. Við aðalmeðferð lýsti lögmaður varnaraðila því yfir að ekki væri ágreiningur um fjárhæð kröfu sóknaraðila að því undanskildu að aðila greini á um hvort draga skuli frá kröfunni laun sem sóknaraðili fékk frá öðrum á uppsagnarfresti. Að áliti dómsins kemur nægilega fram í málalíbúnaði sóknaraðila á hvaða grundvelli hann reisir kröfur sínar á hendur varnaraðila og við hvað hann styður fjárhæð þeirra. Þykja því ekki efni til að vísa þeim frá dómi.
- 28 Sóknaraðili byggir á að hið færeyska félag hafi aðeins verið leppur til að unnt væri að skrá og gera skipið út frá Færeyjum en varnaraðili hafi í raun gert skipið út og beri því ábyrgð á launum hans. Ráðningarsamningurinn hafi aðeins verið gerður til málamynda.
- 29 Fyrir dómi kvaðst sóknaraðili hafa starfað á skipum varnaraðila frá 2012, að mestu á [Skip E] frá 2016. Í apríl 2016 gerði hann ráðningarsamning um að hann gegndi stöðu 2. vélstjóra á [Skip E] og var F í Færeyjum tilgreind útgerð skipsins. Fékk hann laun sín greidd þaðan upp frá því. Í framburði hans kom fram að rætt hefði verið að þetta fyrirkomulag myndi hafa í för með sér skattahagræði fyrir bæði útgerð og sjómenn. Af hálfu gagnaðila undirritaði G samninginn en hann var þá bæði framkvæmdastjóri varnaraðila og stjórnarformaður F. Sóknaraðili kvaðst einungis hafa verið í sambandi við starfsmenn varnaraðila um störf sín.
- 30 Fyrir dóminn komu K, L og M sem allir gegndu stjórnunarstöðum á [Skip E]. Kom fram að þeir höfðu einnig gert ráðningarsamninga við hið færeyska félag og fengið laun sín greidd þaðan. Báru K og M að þetta hafi verið gert af skattalegum ástæðum. Allir báru þeir að þeir hafi litið svo á að þeir væru engu að síður starfsmenn varnaraðila og aldrei verið í samskiptum við neinn í Færeyjum varðandi starfið. Þeir kváðust allir hafa lýst launakröfum í þrotabú varnaraðila og verður að skoða vægi framburða þeirra í því ljósi.

I sem var framkvæmdastjóri varnaraðila síðasta árið bar að F hefði leigt skipið með öllu en bar þó einnig að útgerð skipsins hafi í raun verið stýrt frá skrifstofu varnaraðila.

- 31 Varnaraðili og F voru tengd félög og framkvæmdastjóri varnaraðila var um tíma stjórnarformaður F. Ekki nýtur annarra gagna um það hvernig samstarfi félaganna um útgerð skipsins var háttað en framangreindra framburða. Að áliti dómsins verður þó ekki fram hjá því litið að sóknaraðili, sem gegndi yfirmannsstöðu á skipinu, gerði skriflegan ráðningarsamning við hið færeyska félag, meðal annars í því skyni að njóta skattahagræðis, og fékk laun sín greidd þaðan í rúm tvö ár. Af þeim sökum verður ekki talið að sóknaraðili geti nú byggt á því að slíkt réttarsamband hafi verið milli aðila málsins að hann geti á því byggt á kröfu um launagreiðslur úr hendi varnaraðila. Verður varnaraðili þegar af þeirri ástæðu, með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sýknaður af kröfu sóknaraðila.
- 32 Með vísan til úrslita málsins verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Varnaraðili, B, er sýkn af kröfum sóknaraðila, A.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 650.000 krónur í málskostnað.

Arnbjörg Sigurðardóttir.